


## VARNIR GEGN HÖFTUM



### Leiðbeiningar um forvarnir gegn höftum

Samkvæmt stjórnarskrá Íslands skulu allir jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda. Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Íbúar á hjúkrunarheimilum eru í sérstakri áhættu að forræðishygga umönnunaraðila og aðstandenda verði til þess að þeir verði sviptir frelsi.

Að baki liggja áhyggjur af því að íbúi slasi sig þar sem heilsufar er orðið lélegt, notkun lyfja er mikil og/eða dómgreind á eigin getu er skert t.d. vegna heilabilunar:

- fólk sem er með skerta hreyfigetu, svima, og undir miklum lyfjaáhrifum er í sérstakri áhættu á að detta og slasa sig
- fólk sem þjáist af heilabilun áttar sig ekki alltaf á því hvar það er, er leitandi og á það til að ráfa burtu, jafnvel út úr húsi og út á götur
- fólk sem er þjáist af heilabilun, kvíða eða verkjum/vanlíðan sem það getur ekki tjáð, á það til að sýna af sér hegðun sem ógnar öðrum og jafnvel slasar aðra

#### Ákvarðanataka

Meðan einstaklingur er sjálfráða má ekki taka fram fyrir hendur hans í ákvarðanatöku sem lýtur

að frelsiskerðingu eða hvers konar persónulegum höftum. Sjálfsákvörðunarrétt íbúa ber umfram allt að virða.

Íbúi getur ákveðið að nota öryggisútbúnað til varnar slysum/óhöppum, og /eða til að auka sjálfsbjargargetu sína. Dæmi um slíkan öryggisútbúnað eru:

- rúmgrindur til varnar því að íbúi velti fram úr rúmi og/eða til að auka hreyfigetu eða styðja t.d. við hliðarlegu
- öryggisbelti í hjólastól, hægindastól til varnar því að íbúi detti fram fyrir sig
- borð framan á hjólastól sem gerir íbúa auðveldara að snæða eða vinna að verkefni, s.s. lesa blöð o.s.frv.
- skynjarar sem hringja eftir aðstoð hjúkrunarfólks t.d. ef íbúi ætlar fram úr rúmi, vætir rúmið, eða er búin að nota salernið. Hentugt hjálpartæki þegar íbúi getur ekki sjálfur hringt eftir aðstoð
- raflæsing á hurð, sem kallar á getu til að opna hurðina (t.d. að geta tengt saman hugsanir). Hjá minnisskertum þýðir það að hjúkrunarfólk fer með íbúa ef hann/hún ætlar út

Fjötrar eru hins vegar eitthvað sem notað er gegn vilja fólks og það getur ekki losað sjálft eða verður að fá hjálp til að losa. Samkvæmt lögum má ekki fjötra fólk. Dæmi um fjötra eru:

- belti og ólar, borð, fatnaður eða lök sem festa fólk niður og það getur ekki losað
- rúmgrindur sem íbúi vill ekki nota
- spennitreyja

Til varnar þeim áhættuþáttum sem kalla á notkun fjötra gegn vilja fólks, leggur Sóltún upp úr athöfnum og aðferðum sem hafa þýðingu fyrir fólk, eftir því sem við á, svo sem:

- samveru
- þátttöku í daglegum athöfnum
- félagslífi
- atferlismeðferð
- lyfjameðferð, þar með talið einkenameðferð við kvíða, verkjum, hægðatregðu
- draga úr lyfjameðferð sem kallar fram aukaverkanir eins og sljóleika, svima og göngulagstruflanir
- reglubundnar salernisferðir
- líkamrækt og þjálfun

- slökun og nudd
- útiveru

Stefna Sóltúns er að íbúar tjái sig/sýni merki um viðunandi líðan þrátt fyrir heilsubrest. Lykilatriði í allri umönnun er að íbúi upplifi að einstaklingsbundnum þörfum hans/hennar sé mætt eftir því sem frekast er unnt og ytri skilyrði leyfa. Umhyggja fyrir velferð íbúa skal ávallt vera í fyrirrúmi.

Góð samskipti við aðstandendur skipta því miklu máli fyrir velferð íbúa. Starfsfólk Sóltúns þarf að vera sátt við þá umönnun og meðferð sem ákvörðuð er að þeir ynni að hendi.

Ef íbúi getur ekki af heilsufarsástæðum tekið þátt í ákvarðanatöku um notkun öryggisútbúnaðar þurfa umönnunaraðilar og aðstandendur að hittast og veða og meta þá valkosti sem eru í boði með sjónarmið og hagsmuni viðkomandi íbúa í huga. Öll ákvörðun er skráð í sjúkraskrá íbúa og eins og aðra meðferð skal endurskoða hana reglulega. Sérstakt gæðateymi til varnar höftum hefur reglubundið eftirlit með því.

Ég \_\_\_\_\_

hef fengið fræðslu um notkun öryggisútbúnaðar og hef ákveðið að nota

---

---

---

---

til að hjálpa mér í daglegu lífi og til varnar slysum.

Dagsetning: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

undirskrift

\_\_\_\_\_

hjúkrunarfræðingur

Aðstandendur:

---

hafa fengið fræðslu um notkun öryggisútbúnaðar og eru sáttir við að eftirfarandi öryggisútbúnaður sé notaður:

---

---

---

---

til að hjálpa ættingja þeirra í daglegu lífi og til varnar slysum.

Dagsetning: \_\_\_\_\_

---

undirskrift

---

hjúkrunarfræðingur

Efni bæklinga tekið saman af vinnuhópi Sóltúns um forvarnir gegn höftum:

Anna Birna Jensdóttir hjúkrunarforstjóri  
Kolbrún Sigurpálsdóttir, verkefnastjóri

2.útgáfa – apríl 2008

© Framleitt í Sóltúni fyrir þig

